

FW: SV: Hálandaleikar 2017, erindi

**Til** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Frá** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Heiti** : FW: SV: Hálandaleikar 2017, erindi  
**Málsnúmer** : 1609650  
**Málsaðili** : Guðmundur Pétur Guðmundsson  
**Skráð dags** : 30.09.2016 13:56:13  
**Höfundur** : Jóna Ósk Guðjónsdóttir  
**Viðhengi** image001.jpgimage001.jpg

Til umhverfis- og framkvæmdaráðs.

---

**Frá:** Pétur og Lisbet [<mailto:gpg@internet.is>]  
**Sent:** Tuesday, September 13, 2016 8:52 AM  
**Til:** Geir Bjarnason <[geir@hafnarfjordur.is](mailto:geir@hafnarfjordur.is)>  
**Efni:** Re: SV: Hálandaleikar 2017

Sæll Geir og takk fyrir spjallið í síma í gær.

Mótið heitir Heimsmeistaramót Öldunga í Hálandaleikum. Það er haldið ár hvert og flakkar um heiminn.

Ég vil endilega festa Víðistaðatúnið allt undir þessa hálandaleika helgina 24-25 júní 2017. Um leið og sú staðfesting er komin þá get ég sagt þessum 300 erlendu gestum sem má áætla að komi til landsins að fara að panta sér svefn aðstöðu og flestir munu gera það í Hafnarfirði og nærliggjandi sveitarfélögum. Gott væri að fá staðfestingu um það svo ekki verði árekstrar síðar.

Eins og ég hef sagt þá á ég von á keppendafjölda á boilinu 120-170 manns, konur sem karla, en það kemur betur í ljós í janúar næstkomandi þegar skráningar hefjast á mótið. Síðustu tvö mót hafa haft 170 keppendur og þar síðasta var í Skotlandi og í ár í USA.

Það sem mig langar að athuga og biðja um frá Hafnarfjarðarbæ samhliða því að fá afnot af túninu er eftirfarandi:

1. Kaðalgirðing til að afmarka áhorfendur frá keppendasvæði. ( eða einhversskonar girðingu til afmörkunar)
2. Rafmagn á svæðið ef það er þar ekki nú þegar. Verð með hljóðkerfi, músik og kynnar.
3. Klósettaðstaða. Er hægt að fá afnot af klósettaðstöðu tjaldlsvæðisins? Eru til fleiri klósett sem hægt færi að fá afnot af þessa tvo daga?
4. Er til stórt tjald hjá Hafnarfjarðarbæ? Ég þar að setja upp stórt tjald á vellinum sem verður miðstöð keppanda og dómara. Þarf stóla og borð þar einnig. Nokkur minni tjöld væru einnig hugmynd.
5. Er hægt að fá inni í leikskóla við túnið fyrir tölvuúrvinnslu, (einn maður sem færir inn úrslit og sér um þá vinnu alla).
6. Fánaborgir til að hafa á svæðinu. 3 stk ef hægt er.

Ég reikna með að Heimsmeistaramótið verði sjónvarpað og töluvert af áhorfendum verði að fylgjast með. Skemmtiatriði verða fyrir börn sem fá að prófa hinar ýmsu greinar hálandaleikanna og verður jafnvel

keppni fyrir hina yngstu til að veða upp á móti öllum þeim öldungum er koma á mótið.

Það verður engin áfengissala eða slíkt í tengslum við mótið ef það kemur upp spurning um það.

Bestu kveðjur og vil árétta að ég er ekki að gera neinar kröfu hér að ofan en verð samt að biðja því mótið er mikil framkvæmd og vilji til að gera þetta sem eftirminnilegast fyrir alla þáttakendur sem áhorfendur.

Gott væri að fá staðfestingu með túnið sem fyrst svo ég geti farið að kanna með gistimöguleika.

Pétur Guðmundsson

**From:** [Geir Bjarnason](#)

**Sent:** Monday, September 12, 2016 3:57 PM

**To:** [gpg](#)

**Subject:** SV: Hálandaleikar 2017

Sæll Pétur

6645754 er síminn minn

kv

Geir



Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðar

Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar

Strandgata 6 | 220 Hafnarfjörður | Sími 585 5754 | [geir@hafnarfjordur.is](mailto:geir@hafnarfjordur.is) [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

---

**Frá:** gpg [<mailto:gpg@internet.is>]

**Sent:** Thursday, September 8, 2016 2:57 PM

**Til:** Geir Bjarnason <[geir@hafnarfjordur.is](mailto:geir@hafnarfjordur.is)>

**Efni:** Hálandaleikar 2017

Sæll Geir.

Varðandi hálandaleika.

Hvað er síminn þinn?

Kv. Pétur

Sent úr Samsung Galaxy snjallsímanum mínum.

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)

[FYRIRVARI / DISCLAIMER](#)